

## Tillögur að reglugerðarbreytingum frá Dómaranefnd fyrir ársþing BLÍ 2024.

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ 4 gr. Ákvæði frá dómaranefnd.

### Grein 4.1 (Var)

Til að öðlast þátttökurétt í Úrvalsdeild karla og kvenna þarf hvert karlalið og hvert kvennalið að tilnefna tvo virka dómara til að dæma fyrir þess hönd á keppnistímabilinu og skal annar vera landsdómari. Lið í 1. deild Deildakeppninnar skulu tilnefna a.m.k. einn virkan dómara. Hver dómari skal skuldbundinn til að dæma a.m.k. 10 leiki á keppnistímabilinu. Skal tilkynna til dómaranefndar fyrir 1. september ár hvert um þessa dómara, að öðrum kosti þarf að halda dómaranámskeið fyrir liðið. Dómaranefnd er heimilt að veita undanþágu ef til vandræða horfir en dómaranefnd skal a.m.k. halda eitt dómaranámskeið á ári

### Grein 4.2. (Var)

Útvegi lið ekki þá dómara á keppnistímabilinu samkvæmt grein 4.1 skal sekta liðið um kr. 20.000- fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

### Grein 4.3 (Var)

Hvert lið sem sækir um að halda helgarmót í Deildakeppninni þarf að fá leikreglunámskeið fyrir fyrsta helgarmót sem það heldur á tímabilinu. Hvert lið sem sækir um að halda helgarmót í Deildakeppninni þarf að leggja til a.m.k. tvo dómara fyrir hvern völl sem notaður er í helgarmótinu sem skulu skuldbundnir til að dæma a.m.k. 80% leikja þess helgarmóts. Útvegi lið ekki tvo dómara fyrir hvern völl sem notaður er í helgarmótinu er heimilt að sekta liðið um kr. 10.000- fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

### Grein 4.1. (Verður)

4.1 Til að öðlast þátttökurétt í Úrvalsdeild karla og kvenna þarf hvert karlalið og hvert kvennalið að tilnefna tvo virka dómara til að dæma fyrir þess hönd á keppnistímabilinu og skal annar vera landsdómari. Lið í 1. deild Deildakeppninnar skulu tilnefna a.m.k. einn virkan dómara. Hver dómari skal skuldbundinn til að dæma a.m.k. 10 leiki á keppnistímabilinu. Skal tilkynna til dómaranefndar við skráningu liðs hverjir eru dómaraefni. Hvert og eitt dómaraefni má vera tilnefndur fyrir tvö lið innan sama félags. Dómaraefnið má ekki vera skuldbundinn sem leikmaður eða þjálfari liðs sem tekur þátt í mótum á vegum BLÍ.

### Grein 4.2. (Verður)

Útvegi lið ekki þá dómara á keppnistímabilinu samkvæmt grein 4.1 skal sekta liðið um kr. 250.000- fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

### Grein 4.3 (Verður)

Hvert lið sem sækir um að halda helgarmót í Deildakeppninni skal halda leikreglunámskeið fyrir fyrsta helgarmót sem það heldur á tímabilinu. Hvert lið sem sækir um að halda helgarmót í Deildakeppninni þarf að leggja til a.m.k. einn dómara fyrir hvern völl. Dómari sem dæmir leiki á helgarmóti skal vera með að lágmarki héraðsdómarapróf eða farið á leikreglunámskeið í aðdraganda helgarmóts.

#### Sameina greinar 4.4. og 4.4. í núverandi reglugerð í einn bálk sem verður þá svohljóðandi:

Ef dómari getur ekki dæmt þann leik sem hann er settur á ber að snúa sér til annars dómara. Dómarar geta skipt við aðra dómara. Héraðsdómari má ekki vera aðaldómari í Úrvalsdeild, meistarakeppni BLÍ eða í 8 liða, undan- eða úrslitum bikarkeppni BLÍ. Dómarar skulu mæta ekki síðar en 40 mínútum fyrir leik. Ef dómari lætur ekki meðdómara eða heimalið vita að honum muni seinka vegna óviðráðanlegra atvika eða hreinlega mætir ekki til leiks án þess að tilkynna forföll og er ekki kominn í hús þegar hlutkesti fer fram geta fyrirliðar liðanna gert athugasemd um það á leikskýrslu. Ef sami dómari hefur fengið a.m.k. þrjár slíkar athugasemdir á leikskýrslu þá getur dómaranefnd meinað þeim dómara að dæma frekar á keppnistímabilinu.


#### Röksemdafærsla breytinganna :

##### a) Fjöldi dómara og skráningarskilyrði

Hefði verið farið eftir stíft eftir núverandi reglugerð hefði verið 51 skráður dómari. Staðan í dag er að það eru 18 dómarar búnir að dæma 10 leiki eða fleiri og 26 dómarar sem hafa dæmt fleiri en 5 leiki. Heildarfjöldi dómara er 30. Fastir leikdagar á liðnu tímabili hafa gert það að verkum að dómarar hafa verið undir álagi að dæma tvo leiki á dag í mjög mörgum tilfellum, og þar sem margir dómarar eru annað hvort leikmenn eða þjálfarar hafa þeir dómarar tekið sína eigin leiki fram yfir dómgæsluverkefni sem gerir vandamálið enn meira. Eins má benda á að skipting á dómurum innan hvers landshluta hefur gert það að verkum að það eykur kostnað BLÍ við ferðakostnað verulega. Sem dæmi eru 7 lið í efstu deild utan Höfuðborgarsvæðis og Hveragerðis, og þau lið tilnefna 7 dómara en ættu að vera 14.

Dómarar eldast eins og annað fólk og er núna í dag meðalaldur virkra dómara er kominn yfir 50 og er aldursskipting eins og sést hér á myndinni.

Ekki hefur verið farið eftir reglugerð um dómaraefni og sum lið einfaldlega skrá enga dómara með sínum umsóknum en fá að keppa í efstu deildum. BLÍ þarf því líka að fara eftir reglugerð með því að hafna liðum eða sekta lið og þarf þá sektin að vera veruleg. Eins þarf að fylgja því á eftir að þeir sem eru skráðir sem dómaraefni dæmi þessa 10 leiki a.m.k.



Afkastamestu dómarnir eru búnir að dæma yfir 35 leiki á tímabili og þegar þetta er ritað er úrslitakeppni Unbroken deildarinnar er alveg eftir.

##### b) Helgarmót

Helgarmóta fyrirkomulagið í dag stangast verulega á við reglugerðina og er í tilfelli núverandi fyrirkomulags tillaga dómaranefndar að þessi reglugerð endurspegli þá framkvæmd sem hefur verið s.l. ár skv. helgarmótakerfinu í neðri deildum (Grein 4.3.)

## 5 gr. Leiðbeiningar um umsjón heimaleikja (Var)

5.1 Net skal vera uppsett og frágengið 30 mín. fyrir leik.

5.2 Netspírur, net og stigatöflur skulu vera í lagi og skv. reglum þar að lútandi. Leikklokku skal nota í Úrvalsdeild með virku bjöllumljóði og niðurtalningu fyrir leikhlé.

5.3 Ritari, töflumaður, stigaritari og boltafólk skal vera tilbúið til starfa 40 mínútum fyrir leik. Stigaritun og ritun leikskýrslu má ekki vera innt af hendi af sama aðila. Ritari og töflumaður skulu starfa á svæði ritaraborðs og aðaldómari skal samþykkja aðstöðu stigaritara. Mælst er til þess að boltafólk noti innanhússkó og það verður að ráða við verkið.

5.4 Stigaritari skal undirrita stigaskorblað undantekningarlaust. Mælst er til þess að sami aðili sjái um stigatalninguna allan leikinn, slíkt er líklegt til að tryggja samræmi.

5.5 Fjórir keppnisboltar með réttum loftþrýstingi skulu vera til staðar 30 mín. fyrir leik.

5.6 Tónlist skal vera til staðar um leið og vallarsvæði er laust fyrir leik.

5.7 Fyrir hvern leik skal farið eftir neðangreindum tímaramma:

- 30 -40 mín fyrir leik: Dómarar mæta til leiks og sjá til þess að ritari hefji störf við ritun leikskýrslu, mæla bolta, athuga skiptisþjöld og annan búnað sem þarf að vera til staðar og á að vera í lagi.
- 18 mín fyrir leik: Dómari flautar leikmenn af velli, mælir nethæðina og kallar til framkvæmdaraðila leiks ef laga þarf nethæð.
- 17 mín fyrir leik: Hlutkesti varpað í viðurvist fyrirliða sem staðfesta síðan leikmannalista liða sinna. Þjálfarar staðfesta leikmannalista liða sinna í kjölfarið.
- 15 mín fyrir leik: Formleg upphitun hefst.
- 12 mín fyrir leik: Þjálfarar skila inn sendiröðum til dómara.
- 5 mín fyrir leik: Formlegri upphitun lokið.
- 4 mín fyrir leik: Kynning leiksins, leikmanna, dómara og byrjunarliða.
- 30 sek fyrir leik: Aðstoðardómari fer yfir sendiröð liðanna.
- Settur leiktími: Leikur hefst með merki dómara um fyrstu uppgjöf.

5.8 Misfarist eitthvað af þessum atriðum verulega skal dómari gera athugasemd á leikskýrslu og er BLÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um kr. 10.000-.

5.9 Eftir leik í Úrvalsdeild skal senda úrslit til BLÍ og fjölmiðla.

5.10 Heimalið ber ábyrgð á því að leikskýrslu sé hlaðið upp í mótakerfi BLÍ um leið og leiknum er lokið.

## 5 gr. Leiðbeiningar um umsjón heimaleikja (Verður)

5.1 Net skal vera uppsett og frágengið a.m.k. 30 mín. fyrir leik.

5.2 Netspírur, net og stígatöflur skulu vera í lagi og skv. reglum þar að lútandi. Leikklukku skal nota í Úrvalsdeild með virku bjölluhljóði og niðurtalningu fyrir leikhlé. Tölvubúnaður skal vera til staðar á ritaraborði til að fylla út rafræna leikskýrslu, þráðlaust net uppsett og spjaldtölvur/símar tiltækir fyrir dómara með tengingu við rafrænu leikskýrslu.

5.3 Ritari, aðstoðaritari og boltafólk skal vera tilbúið til starfa 40 mínútum fyrir leik. Ritari og aðstoðaritari er sitt hvor einstaklingurinn. Í úrvalsdeild skulu línuverðir mættir 30 mínútum fyrir ásettan leiktíma.

5.4 Fjórir keppnisboltar með réttum loftþrýstingi skulu vera til staðar fyrir leik, eigi síðar en 10 mínútur fyrir leik.

5.5 Aðdragandi (Protocol) fyrir leiki er eftirfarandi

- 40 mín fyrir leik: Dómarar mæta til leiks og sjá til þess að ritari hefji störf við ritun leikskýrslu, mæla bolta, athuga spjaldtölvur/síma og annan búnað sem þarf að vera til staðar og á að vera í lagi.
- 25 mín fyrir leik: Leikmannalistar (þátttakendur í leik) skulu vera skráðir í mótakerfið.
- 20 mín fyrir leik: Aðaldómari ræðir við línuverði.
- 16 mín fyrir leik: Dómari flautar leikmenn af velli.
- 15 mín fyrir leik: Hlutkesti varpað í viðurvist fyrirliða sem staðfesta síðan leikmannalista liða sinna í síðasta lagi.
- 14 mín fyrir leik: Formleg upphitun hefst og dómarar yfirfara að allir þátttakendur séu rétt skráðir á leiksskýrslu.
- 8 mín fyrir leik: Þjálfarar skila inn sendiröðum til dómara.
- 4 mín fyrir leik: Formlegri upphitun lokið.
- 2 mín fyrir leik: Kynning leiksins, leikmanna, dómara og byrjunarliða.
- 30 sek fyrir leik: Aðstoðardómari fer yfir sendiröð liðanna.
- Settur leiktími: Leikur hefst með merki dómara um fyrstu uppgjöf.

5.6 Misfarist eitthvað af þessum atriðum verulega skal dómari gera athugasemd á leikskýrslu og tilkynna til BLÍ. Við ítrekaðar aðfinnslur er BLÍ heimilt að sekta félög allt að 20.000 kr. fyrir hvern leik þar sem umgjörð er ekki í lagi.

5.7 Aðaldómari yfirfer að leikir séu staðfestir og þeim hlaðið upp í rafrænt mótakerfi BLÍ að leik loknum.

### *Rökstuðningur:*

Uppfærsla á reglugerð til samræmis við verklag og samræma. Stundum þarf að þoka til aðdraganda leiks, stundum eru ekki kynningar á leikmönnum o.s.frv. en alla jafna er þetta sá aðdragandi sem þarf að hafa sem og ákvæði uppfærð um eðlilegan aðbúnað í deildarkeppni BLÍ.

## Agareglur Blaksambands Íslands

### 5 gr. Töluliður b. (Var)

Sjái dómari sig tilneyddan að áminna með rauðu spjaldi, brottvísun (rautt/gult í sömu hendi) eða útiloka leikmann, þjálfara eða aðra á skýrslu (rautt/gult í sitt hvorri hendi), skal auk þess refsasem hér segir:

1. Rautt spjald, 1 refsistig.
2. Brottvísun, 2 refsistig.
3. Útilokun, 3 refsistig.

Dómarar skulu sjá til þess að öll spjöld séu skráð í leikskýrslur. Sé refsingunni útilokun beitt skal dómari meta það hvort hann skilar inn skýrslu innan tveggja sólarhringa vegna atviksins til aganefndar BLÍ. Aganefnd hefur þrjá sólarhringa eftir móttöku skýrslunnar til þess að meta hvort viðkomandi fái lengra bann eða ekki.

### 5 gr. Töluliður b. (Verður)

Sjái dómari sig tilneyddan að áminna með rauðu spjaldi, brottvísun (rautt/gult í sömu hendi) eða útiloka leikmann, þjálfara eða aðra á skýrslu (rautt/gult í sitt hvorri hendi), skal auk þess refsasem hér segir:

1. Rautt spjald, 1 refsistig.
2. Brottvísun, 3 refsistig.
3. Útilokun, 6 refsistig.

Dómarar skulu sjá til þess að öll spjöld séu skráð í leikskýrslur. Sé refsingunni útilokun beitt skal dómari meta það hvort hann skilar inn skýrslu innan tveggja sólarhringa vegna atviksins til aganefndar BLÍ. Aganefnd hefur þrjá sólarhringa eftir móttöku skýrslunnar til þess að meta hvort viðkomandi fái lengra bann eða ekki.

### Rökstuðningur :

Leikmaður sem er vísað af velli með brottvísun skal sjálfkrafa fara í bann í næsta leik og leikmaður sem er útilokaður fer sjálfkrafa í bann skv. núverandi reglugerð, sjá agareglur 5 töluliður grein c.

## Starfsrelgur dómara nefndar og dómara BLÍ

(Þetta er að vísu reglugerð sem er samþykkt af stjórn BLÍ í október 2014 og spurning hvort þetta þurfi að fara fyrir ársþing, ef þetta er bara reglugerð)

### 2 gr. Dómarar (Var)

2.1. Markmið dómara er að ná upp slíku samræmi og samkvæmni í dómgæslunni að leikmenn/þjálfarar/forráðamenn/áhorfendur viti að hverju þeir ganga í þeim efnum. Dómara nefnd BLÍ sættir sig við þá staðreynd að allir dómarar geri mistök í störfum sínum. Ekki reyna að verða vinsæll dómari - því þegar öllu er á botninn hvolft eru bestu dómara nír ávallt þeir sem hafa hugrekki til þess að taka erfiðar (óvinsælar) ákvarðanir þegar þörf krefur.

2.2. Dómurum ber að hugleiða eftirfarandi atriði fyrir leik í undirbúningi sínum: Hvernig best sé að halda einbeitingunni leikinn í gegn og hvað það er mikill heiður að fá að dæma þennan leik. Dómara nír eru á besta staðnum á vellinum til þess að njóta þess að fylgjast með góðum keppnisleik!

2.3. BLÍ leggur áherslu á að framkoma og samskipti séu fagleg og einkennist af virðingu og samstarfsvilja. Þar er gerð rík krafa til dómara ekki síður en annarra þátttakenda. Ekki er gerð krafa um að samskipti fari fram á öðru tungumáli en íslensku. Það er á ábyrgð félaganna að koma upplýsingum til þeirra þátttakenda sem ekki skilja íslensku til skila.

2.4. BLÍ skal leitast við að hafa 3. dómara til staðar er leikjum er sjónvarpað beint, skal sá dómari vera til vara ef aðal- eða aðstoðardómari forfallast á meðan að leik stendur og einnig aðstoða dómara parið við framkvæmd leiksins, s.s. fylgjast með að aðilar sem eru í banni hafi ekki áhrif á leikinn.

2.5. Verði dómara fyrir óþróttamannslegri hegðun á meðan að leik stendur skulu þeir geta þess í leiksýrslu, þó ekki hafi verið gefið spjald fyrir slíka hegðun í leiknum, s.s. óþarfa tuð eftir leiki. Ef leikskýrsla hefur verið undirrituð er dómurum heimilt að senda skýrslu inn til BLÍ um slík atvik, tilgangurinn með þessu er að reyna að koma í veg fyrir ítrekað áreiti á dómara.

2.6. Fulltrúar liða þurfa samþykki formanns dómara nefndar eða framkvæmdarstjóra BLÍ til þess að hafa samband við dómara að fyrra bragði á keppnistímabilinu, nema til að staðfesta ferðatilhögun.

2.7. Ef upp koma alvarleg meiðsli í leik, hvort sem er hjá leikmanni, þjálfara, dómara eða öðrum sem koma fyrir á skýrslu, þar sem dómurum er ljóst að öllum þátttakendum sem og áhorfendum er brugðið, er dómurum heimilt að hætta leik. Skal aðaldómari geta þess á skýrslu hvað staðan er og vegna hvers leik er hætt.

2.8. Verði dómari, þjálfari, leikmaður, aðrir á skýrslu og/eða áhorfandi fyrir líkamsmeiðingum á meðan að leik stendur er aðaldómara heimilt að hætta leik, skal hann setja á skýrsluna stöðuna er leik var hætt. Eftir leik þar sem slíkt gerist er dómurum óheimilt að tjá sig við neinn aðila nema formann dómara nefndar og framkvæmdarstjóra BLÍ.

## 2 gr. Dómarar (Verður)

2.1. BLÍ leggur áherslu á að framkoma og samskipti séu fagleg og einkennist af virðingu og samstarfsvilja. Þar er gerð rík krafa til dómara ekki síður en annarra þátttakenda.

2.2. BLÍ skal leitast við að hafa 3. dómara til staðar er leikjum er sjónvarpað beint, skal sá dómari vera til vara ef aðal- eða aðstoðardómari forfallast á meðan að leik stendur og einnig aðstoða dómaraþarið við framkvæmd leiksins, s.s. fylgjast með að aðilar sem eru í banni hafi ekki áhrif á leikinn.

2.3. Verði dómara fyrir óþróttamannslegri hegðun á meðan að leik stendur skulu þeir geta þess í leikskýrslu sé þess kostur, þó ekki hafi verið gefið spjald fyrir slíka hegðun í leiknum. Dómurum er heimilt að senda inn skýrslu til BLÍ um slík atvik og/eða til aganefndar.

2.4. Ef upp koma alvarleg meiðsli í leik, hvort sem er hjá leikmanni, þjálfara, dómara eða öðrum sem koma fyrir á skýrslu, þar sem dómurum er ljóst að öllum þátttakendum sem og áhorfendum er brugðið, er dómurum heimilt að hætta leik. Skal aðaldómari geta þess á skýrslu hvað staðan er og vegna hvers leik er hætt.

2.5. Verði dómari, þjálfari, leikmaður, aðrir á skýrslu og/eða áhorfandi fyrir líkamsmeiðingum á meðan að leik stendur er aðaldómara heimilt að hætta leik, skal hann setja á skýrsluna stöðuna er leik var hætt. Eftir leik þar sem slíkt gerist er dómurum óheimilt að tjá sig við neinn aðila nema formann dómara nefndar og framkvæmdarstjóra BLÍ.

Rökstuðningur: endurskoðun og einföldun.

Kópavogi 22 mars 2024

f.h. Dómara nefndar

Árni Jón Eggertsson